

Aðalfundur Listvinafélags Hveragerðis, laugardaginn 21. janúar 2012, í Listasafni Árnesinga.

1. Setning fundarins og kosning fundarstjóra og ritara.

Pjetur Hafstein Lárusson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Pjetur fór því næst stuttlega yfir stofnun félagsins fyrir tæpum fimm árum. Stofnfundurinn var haldinn í mars 2007 en félaginu var ætlað að beita sér fyrir því að komið yrði á laggirnar safni hér í bæ til minningar um þá tíma þegar Hveragerði var þjóðkunnur skálda- og listamannastaður. Pjetur var kjörinn formaður félagsins við stofnun þess. Stjórn félagsins kannaði möguleika á húsnæði undir safnið en þeir reyndust ekki vera fyrir hendi á þeim tíma. Pjetur sagði það ljóst að safni sem þessu yrði ekki komið á laggirnar nema opinberir aðilar kæmu að því máli bæði með því að útvega húsnæði og eins nauðsynlegt rekstrarfé. Þar að auki yrði félagið sjálft að finna sér tilgang með rætur í fortíðinni og eins með því að tengjast því listalífi sem er í bænum í dag t.d. með lifandi kynningarstarfi.

Þar sem erfiðlega gekk að hrinda stofnun safnsins í framkvæmd fór svo að starf félagsins sofnaði eins konar Þyrnirósarsvefni fram til dagsins í dag. En með þessum fundi verður Listvinafélag Hveragerðis endurreist.

Pjetur sagðist hafa ákveðið að draga sig út úr beinu starfi félagsins, að minnsta kosti um sinn, en óskaði eftirmanni sínum í formannssæti sem og nýrri stjórn velfarnaðar í starfi.

Pjetur minntist látins félaga, Páls Lýðssonar sagnfræðings, og bauð fundarmenn að minnast hans með því að rísa úr sætum.

Að lokum gerði Pjetur það að tillögu sinni að Gísli Páll Pálsson tæki við fundarstjórn og að Inga Lóa Hannesdóttir yrði fundarritari. Var það samþykkt og tóku þau til starfa.

Gísli Páll þakkaði Pjetri hans upprifjun á tilurð og starfi félagsins.

2. Reikningar félagsins.

Svanur Jóhannesson gerði grein fyrir reikningum félagsins. Skuldir eru engar en félagið á nokkurn bókakost en þar er um að ræða bækur Hveragerðisskálda sem Bókasafnið í Hveragerði hefur tekið að sér að geyma á meðan félagið er án húsnæðis.

Því næst opnaði fundarstjóri fyrir umræður um reikningana. Enginn óskaði eftir að taka til máls og voru reikningarnir því bornir undir atkvæði fundarmanna og samþykktir samhljóða.

3. Endurreisn Listvinafélags Hveragerðis

Svanur Jóhannesson tók til máls og sagði frá því að á síðasta ári hefði Félag eldri borgara í Hveragerði ákveðið að koma upp sýningu um listmennina sem hér hafa búið, fyrir bæjarhátíðina Blómstrandi daga. Lagt var í mikla vinnu við að búa sýninguna sem best úr garði. Félagið fékk til liðs við sig Guðrúnu A. Tryggvadóttur myndlistarkonu sem tók að sér að vera sýningarstjóri. Útbúin voru níu stór upplýsingaspjöld um listamennina en auk þess voru til sýnis ýmsir persónulegir munir þeirra sem félagið fékk lánaða. Að sýningunni lokinni var farið að velta vöngum yfir því hvar hægt væri að koma þessum spjöldum fyrir til framtíðar þar sem þau yrðu almenningi sýnileg. Í framhaldi af þessu var ákveðið að ráðast í að endurreisa Listvinafélagið.

4. Lagabreytingar

Fundarstjóri gerði grein fyrir tveimur lagabreytingum sem fyrir fundinum lágu og voru kynntar í fundarboði.

Þar er annars vegar um að ræða breytingu við 3. gr. laganna en þar er um að ræða viðbót um að kjósa tvo skoðunarmenn reikninga. Hins vegar er breyting við 4. gr. um að aðalfundur skuli haldinn í mars ár hvert en ekki milli rétta og jólaföstu.

Gísli Páll las þessu næst yfir lög félagsins í heild sinni. Enginn fundarmanna óskaði eftir að taka til máls. 3. greinin var þá lögð fram til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða. Því næst var 4. greinin lögð fyrir og var hún einnig samþykkt samhljóða.

Undir þessum fundarlið lá einnig tillaga um að stofnuð yrði laganefnd sem skili niðurstöðum fyrir næsta aðalfund.

Fram kom eftirfarandi tillaga frá Svani Jóhannessyni og Guðrúnu A.

Tryggvadóttur:

Leggjum til að kosin verði þriggja manna nefnd til þess að fara yfir lög félagsins fyrir næsta aðalfund.

Stungið er upp á þessum:

1. Pálína G. Sigurjónsdóttir
2. Úlfur Björnsson
3. Ármann Ægir Magnússon

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar

a. *Kosning formanns.* Skv. lögum félagsins skal formaður kosinn sérstaklega.

Fram kom tillaga um Guðrúnu A. Tryggvadóttur í embætti formanns. Guðrún tók til máls og kynnti sig í stuttu máli. Hún sagðist endilega vilja sjá listalífið blómstra í Hveragerði. Vinnan með eldri borgurum síðasta sumar vakti áhuga hennar á þessu málefni.

Ekki komu fram fleiri tillögur um formann og var Guðrún kjörin samhljóða.

b. Kosning fjögurra aðalmanna í stjórn og tveggja til vara.

Fram kom eftirfarandi tillaga:

Aðalmenn.

Eyþór H. Ólafsson

Heiðdís Gunnarsdóttir

Svanur Jóhannesson

Inga Jónsdóttir

Varamenn.

Hlíf S. Arndal

Sölvi Ragnarsson

Tillagan var samþykkt samhljóða.

c. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Stungið var upp á Agli Gústafssyni og Jóhönnu M. Hjartardóttur og var það samþykkt samhljóða.

6. Félagaskrá og félagsgjald.

Svanur Jóhannesson tók til máls og las upp þá félagaskrá sem til er frá stofnfundinum 2007. Einnig las hann upp nöfn þeirra aðila sem haft hafa samband við hann upp á síðkastið og óskað eftir inngöngu í félagið en gátu ekki mætt á fundinn í dag. Þá gekk listi á fundinum fyrir þá sem vildu skrá sig í félagið á staðnum.

Svanur las einnig upp nokkur skeyti sem honum hafa borist frá hinum ýmsu aðilum með hlýjum kveðjum og óskum um að félagið megi dafna vel.

Þá kom fram tillaga frá Guðrúnu A. Tryggvadóttur og Svani Jóhannessyni um að félagsgjald í Listvinafélagi Hveragerðis verði kr. 1500 á ári fyrir einstakling.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um tillöguna en þegar enginn óskaði eftir að taka til máls bar hann hana upp til samþykktar og var tillagan samþykkt samhljóða.

7. Framtíðarverkefni og önnur mál.

Nýkjörinn formaður, Guðrún A. Tryggvadóttir tók til máls. Hún byrjaði á að þakka það traust sem henni væri sýnt með kjöri í embætti formanns.

Guðrún ræddi síðan það sem helst væri á döfinni hjá nýendurreistu Listvinafélaginu. Þar væri efst á blaði hugmynd um bráðabirgðasýningu á bókasafninu sem síðar kæmist vonandi í eigin húsnæði félagsins.

Hún nefndi einnig að henni þætti bærinn þurfa að styðja betur við menningu á öllum sviðum. Menningin gæti óneitanlega skipað stærri sess í bæjarfélaginu en nú er.

Hún sagðist að lokum hlakka til þess að vinna með öllum þeim sem áhuga hafi á að framgangi Listvinafélagsins.

Gísli Páll, fundarstjóri gaf orðið laust um orð Guðrúnar sem og önnur mál.

Eypór H. Ólafsson tók til máls. Hann þakkaði traustið sem honum var sýnt með kjöri til setu í stjórn félagsins. Hann sagðist ætla að styrkja félagið persónulega með 20.000 kr. framlagi um leið og félagið hefði eignast sinn eigin reikning.

Eypór sagði að sem forseti bæjarstjórnar fagnaði hann líka endurreisn félagsins og sagði það styrk fyrir bæjarfélagið að slíkur félagsskapur væri starfandi innan þess. Hann sagðist mundi styðja við félagið innan bæjarstjórnar eins og hann gæti. Hann var ekki alveg sammála guðrúnu um að bærinn styddi ekki við menninguna í bæjarfélaginu. Hann sagðist telja heilmikla menningu blómstra í bænum t.d. blómasýningarnar sem haldnar eru á sumrin en auk þess hefur verið fenginn fjöldi listamanna til að koma fram í bænum. Eypór nefndi að lokum að það gæti verið gott að fá félagið til að aðstoða bæjarstjórn við að vinna að menningarstefnu fyrir Hveragerðisbæ.

Pjetur Hafstein Lárusson tók næstur til máls. Hann ræddi menninguna sem hann sagði auðvitað vera mun víðtækari en listir en að menningin yrði þó ósköp snauð án lista. Hann nefndi að Hveragerðisbær hefur boðið fjölmörgum listamönnum að nýta sér listmannahúsið í Varmahlíðinni svo greinilega væri bærinn að gera eitthvað í að styðja við menningu og listir.

Pjetur sagði megináherslu Listvinafélagsins hljóta að verða þá að koma upp safni um listamennina sem búið hafa í bænum í gegnum tíðina. En auk þess ætti félagið einnig að huga að því að standa að listakynningum t.d. í skólum á Suðurlandi.

Pjetur nefndi næst það safn bóka sem félagið ætti og væru í vörslu bókasafnsins og taldi að það gæti verið gaman að hafa kynningu á þessum bókum t.d. í samvinnu við Grunnskólann.

Pjetur lauk máli sínu með því að óska nýkjörnum formanni og stjórn til hamingju og velfarnaðar í starfi.

Svanur Jóhannesson tók til máls og kynnti fyrir fundarmönnum bækling sem hann gaf út í tengslum við sýningu eldri borgara síðasta sumar. En

bæklingurinn hefur að geyma Hveragerðisbraginn og fleira gamanefni sem flutt var á skemmtunum garðyrkju- og listamanna fyrr á árum. Allur ágóði af sölu bæklingins, sem nú nemur kr. 50.000, rennur til uppbyggingar á Skáldasetri í Hveragerði.

Hlíf S. Arndal, forstöðumaður bókasafnsins tók næst til máls. Hún sagði að sér hefði þótt það mjög ánægjulegt þegar Listvinafélagið var stofnað árið 2007 og sagðist því gleðjast mjög yfir endurreisn þess nú. Hún sagði að bókasafnið hefði m.a. notað innkomu af bókamörkuðum sem það hefur haldið til að kaupa bókaskápa til þess að hýsa bækur Listvinafélagsins. Þessar bækur getur fólk fengið að skoða á safninu en þær eru ekki til almennra útlána. Hún sagði að vel mætti skoða þá hugmynd að vera með einhvers konar kynningu á bókunum.

Hlíf sagði að lokum að bókasafnið myndi áfram styðja við Listvinafélagið eftir bestu getu.

Næstur tók til máls Jóhann Gunnarsson, ritari Félags eldri borgara í Hveragerði.

Hann sagði það gott mál að endurreisa Listvinafélagið og halda uppi orðstír Hveragerðis sem listamannabæjar. Hann sagði félag eldri borgara hafa lagt í mikla vinnu við að halda skáldasýninguna en hún var fjórða sýningin sem félagið hefur staðið fyrir.

Fleiri tóku ekki til máls á fundinum.

Fundarstjóri, Gísli Páll Pálsson, óskaði formanni og öðrum nýkjörnum til hamingju, þakkaði fundarmönnum góðan fund og sleit fundi.

Inga Lóa Hannesdóttir

fundarritari.

